

Umhverfis – og samgöngunefnd

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015 - 2018 770.mál

Vísað er til bréfs frá nefndarsviði Alþingis þar sem boðað er til fundar um ofangreint frumvarp.

Þar sem boðað var til fundarins með svo skömmum fyrirvara áttu fulltrúar sveitarfélagsins Djúpavogshrepps því miður ekki kost á að mæta til fundar með umhverfis- og samgöngunefnd þingsins þar sem að flugvél var fullbókuð frá Egilsstöðum þegar reyndi á.

Undirritaður fer því hér vinsamlega fram á undir þessum kringumstæðum að fá að veita skriflega umsögn fyrir hönd sveitarfélagsins sem lögð verði fram á fundinum 2. júní þar sem hann átti ekki kost á að mæta sem fulltrúi sveitarfélagsins fyrir nefndina.

Sú áætlun sem liggur hér til grundvallar til 4 ára er í stórum dráttum rýr í roðinu er fjármuni til nýframkvæmda í vegagerð varðar. Skal þá fyrst nefnt að einungis eru áætlaðar 200 milljónir í botn Berufjarðar sem enn er ómalbikaður vegur á Þjóðvegi 1. Vakin skal sérstök athygli á því að engar deilur eru í dag um vegstæði fyrir botn fjarðarins þar sem sáttir hafa tekist meðal landeigenda um veglínu sem að sveitarfélagið hefur lýst stuðningi við og vegagerðin sömuleiðis sem og vegamálastjóri sjálfur getur staðfest. Þessi framkvæmd getur því farið óhindrað í útboð fyrir áramót og þá þarf að spýta í lófa með miklu mun meiri fjármuni en þær 200 milljónir sem áætlaðar eru 2016. Sveitarstjórn leggur því til að a.m.k. 600 milljónum verði varið til framkvæmdarinnar á árinu 2016 og vegurinn fyrir botn Berufjarðar verði lokið á tveimur árum í stað þriggja, þannig að verklok verði á árinu 2017 í stað 2018 eins og gert er ráð fyrir á áætlun þessari.

Þá ber þess að geta að önnur framkvæmd á 4 ára áætlun er sömuleiðis mjög fjölfarinn Þjóðvegur og hefur enn ekki verið bundinn slitlagi og er á milli Djúpavogshrepps og Fljótsdalshéraðs, það er Skriðuvatn – Axarvegur og hefur þessi framkvæmd sömuleiðis beðið um árabíl eftir aðgerðum en er sett á síðasta ár þessa 4 ára áætlunar. Eru þingmenn hér með hvattir til þess að flýta þessari framkvæmd þannig að hún komi til útboðs eigi að síður en á árinu 2016. Hér eru þingmenn því hvattir eindregið til að bretta upp ermar þar sem sýnt er að suðurhluti Austurlands hefur setið hraklega hjá garði er varðar samgöngubætur um langt árabíl langt umfram önnur landsvæði.

Að síðustu skal áréttað að báðir þessar brýnu vegakaflar eru órjúfanlegir hlutar af Axarvegi sem að þingmenn eru síðast en ekki síst hvattir til að verja fyrir suðurhluta Austurlands í langtímaáætlun og þá hefjast handa um þann heilsársveg eigi síðar en árið 2019 með fjármuni sem duga til að ljúka vegi með bundnu slitlagi þar um á eigi minna en þremur árum.

Þingmenn allir í samgöngunefnd þingsins eru hér með hvattir til að horfast í augu við þá staðreynd að Djúpavogshreppur og suðurhluti Austurlands er það svæði sem hefur dregist lengst allra landshluta aftur úr þegar horft er til nýframkvæmda í vegagerð. Nú er lag fyrir samgöngunefnd þingsins að bæta úr þeim málum.

F. h. Djúpavogshrepps

